

Ed.

231. Frumvarp til laga

[110. mál]

um heimild til að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum skattfríðindi.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Iðnaðarmálaráðherra er heimilt að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum, sem stofnuð eru eftir gildistöku laga þessara og staðsett eru í sveitarfélögum, þar sem atvinna er ónóg, undanþágu frá greiðslu tekjuútsvars, aðstöðugjalds og tekju-skatts fyrstu fimm árin, er fyrirtækin starfa. Eftir þann tíma greiði fyrirtæki þessi útsvör og skatta sem aðrir samkvæmt gildandi lögum.

Undanþáguheimild skv. 1. mgr. er bundin því skilyrði, að fyrir liggi meðmæli stjórnar Atvinnubótasjóðs og meðmæli viðkomandi sveitarstjórnar.

2. gr.

Atvinnufyrirtæki, sem verður aðnjótandi skattfríðinda samkvæmt lögum þessum, er óheimilt að borga út sem arð til hluthafa eða eigenda það fé, sem fyrirtækinu sparast vegna undanþágunnar frá greiðslu framantalinna gjalda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þrátt fyrir gott árferði og næga atvinnu víðast hvar verða jafnan til kaupstaðir og kauptún, sem vegna þverrandi sjávarafla eða annarra orsaka eiga við atvinnu-örðugleika að búa. Þar er fyrir hendi sérstök nauðsyn á að rétta hjálparhönd og stuðla að fjölbreytni í atvinnuháttum. Er því tvímælalaust skynsamlegt að geta gripið til þess ráðs að veita nýjum atvinnufyrirtækjum, sem menn vilja stofna til á þessum stöðum, tímabundin skattfríðindi. Í því felst hvatning til stofnunar nýrra atvinnufyrirtækja og staðsetningar þeirra á þeim stöðum, þar sem þörfin er mest, enda gætu slíkar ívilnanir í sumum tilfellum haft úrslitabýðingu um það, að til atvinnurekstrarins sé stofnað. Frumvarp þetta er flutt með það í huga að skapa lagalegan grundvöll fyrir þeim úrbótum í atvinnumálum, sem í skattfríðindum kunna að vera fólgnar.